

REGLUR

félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um ráðningu og framgang akademískra starfsmanna.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglnanna er að hvetja starfsfólk til virkni og árangurs í starfi og auka gæði kennslu og rannsókna við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Framgangur og ráðning akademísks starfsfólks félagsvísindadeildar byggist á faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknum, kennslu og stjórnun í þágu félagsvísindadeildar, Háskóla Íslands og íslensks samfélags.

2. gr.

Almenn skilyrði.

Um almenn skilyrði ráðningar og framgang akademískra starfsmanna fer eftir sameiginlegum reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000 og sérákvæðum í reglum Háskóla Íslands um ráðningar og framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna nr. 863/2001.

Við stigagjöf og mat á heildarstigafjölda er farið eftir samræmdum matsreglum kjara-nefndar, Háskóla Íslands og Félags háskólakennara. Lágmarksstigafjöldi einn og sér dugar þó ekki til að hljóta framgang í starf (sbr. 3.-6. gr.).

Framgangur í starf prófessors við félagsvísindadeild skal að öllu jöfnu miðast við að um sé að ræða fullt starf.

Almennt gildir að dómnefnd metur umsækjendur um laus störf við félagsvísindadeild einungis með tilliti til þess hvort þeir uppfylla þau lágmarksskilyrði sem sett eru vegna starfsins, enda hefur verið mótuð sú stefna að dómnefndir við HÍ forgangsraði ekki umsækjendum. Dómnefndir, framgangsnefndir og valnefndir skulu byggja mat sitt og niðurstöður á málefnalegum sjónarmiðum. Sérstaklega skal gætt að jafnræði umsækjenda og sjónarmiðum um jafnrétti kynjanna eftir því sem við á.

Forseti félagsvísindadeildar getur óskað eftir því að umsækjandi flytji opinn fyrirlestur innan félagsvísindadeildar um rannsóknir sínar eða sitt sérsvið meðan á mati umsóknar stendur.

3. gr.

Frekari menntunarkröfur og sérstakar hæfniskröfur.

Til viðbótar almennum skilyrðum fyrir ráðningu og framgang í störf akademískra starfsmanna með hæfnisdóm er félagsvísindadeild heimilt að gera frekari menntunarkröfur og sérstakar hæfniskröfur eftir því sem mælt er fyrir um í þessum reglum.

4. gr.

Ráðning í starf lektors eða sérfræðings.

Um hæfi umsækjenda og meðferð umsókna er farið eftir ákvæðum laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og reglna um Háskóla Íslands nr. 458/2000.

5. gr.

Ráðning/framgangur í starf dósents eða fræðimanns.

Til að hljóta ráðningu eða framgang í starf dósents eða fræðimanns við félagsvísindadeild skal umsækjandi hafa lokið doktorsprófi og birt greinar í virtum ritrýndum ritum á innlendum og/eða erlendum vettvangi. Þá þarf hann að hafa kennslureynslu á háskólastigi.

Umsækjandi skal í umsókn sinni rökstyðja hvernig störf hans endurspeгла ofangreindar kröfur sem gerðar eru um ráðningu eða framgang í starf dósents.

6. gr.

Ráðning/framgangur í starf prófessors eða vísindamanns.

Til að hljóta ráðningu eða framgang í starf prófessors eða vísindamanns við félagsvísindadeild skal umsækjandi ótvírætt hafa sýnt sjálfstæði og frumkvæði í rannsóknnum frá því að hann lauk doktorsprófi. Það hafi hann gert með fræðistörfum, góðri rannsóknnavirkni og aukið með því þekkingu á því fræðasviði sem hann hefur markað sér. Sjálfstæði hans og frumkvæði þarf að koma skýrt fram í ritverkum, þ.m.t. í ritrýndum ritum á alþjóðlegum vísindavettvangi og innlendum. Æskilegt er að einhver ritverkanna hafi birst í vísindatímaritum sem skráð eru í svonefndum ISI-gagnagrunnum, þ.e. SCI, SSCI eða A&HCI.

Umsækjandi um starf eða framgang í starf prófessors skal hafa verulega kennslureynslu og stjórnunarreynslu. Þá skal hann hafa tekið beinan þátt í að leiðbeina til æðri háskólagráðu (meistara- og/eða doktorsprófs).

Æskilegt er að umsækjandi hafi komið verkum sínum á framfæri við íslenskt samfélag. Jafnframt er æskilegt að hann sé í alþjóðlegu samstarfi á fræðasviði sínu.

Umsækjandi skal í umsókn sinni rökstyðja hvernig störf hans endurspeгла ofangreindar kröfur sem gerðar eru um ráðningu eða framgang í starf prófessors.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu félagsvísindadeildar Háskóla Íslands á grundvelli 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 3. maí 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.